

FUNDARGERÐ

136. stjórnarfundur KRAFT

136. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á Zoom 12. janúar 2022 kl. 20.00.

Fundarmenn : Gry, Rúnar, Hinrik, Aron Ingi, Þórunn Brynja, Auðunn, Lára og Laufey
Fundarritari : Laufey

1. FUNDARGERÐ

Síðasta fundargerð samþykkt.

2. KRAFTLYFTINGAÞING

DAGSETNING

Verður haldið 26. febrúar. Fyrsta fundarboð verður sent út um helgina. Aron Ingi er að ganga frá reikningum með Magnúsi endurskoðanda.

STJÓRNARKJÖR

Aron Ingi, Þórunn Brynja og Laufey ætla að halda áfram í stjórn - verða í kjöri.
Hinrik Rúnar og Auðunn verða í kjörnefnd (eru ekki í kjöri). Taka við framboðum, m.a. vegna kosninga formanna fastanefnda.
Umræða varð um formannsembættið.

LAGABREYTINGAR - TILLÖGUR

Lagabreytingar sem KRAFT lagði til voru samþykktar af ÍSÍ með fyrirvara um smá lagfæringar á orðalagi. Laganefnd KRAFT er með í skoðun. Verða lagðar fyrir kraftlyftingaþingið.

ÁRSUPPGJÖR

Er í vinnslu hjá Aroni Inga. Hann mun einnig gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

VIÐURKENNINGAR

Lið ársins (Massi hjá körlum og Ármann hjá konum) og íþróttafólk ársins (Kristín og Viktor) fá platta afhenta á þinginu.

ÞINGFORSETI

Gry mun heyra í Valdimari Leo Friðrikssyni hvort hann geti verið þingforseti.

3. RIG 2022

Enn er stefnt á að halda RIG þrátt fyrir ástandið. Á föstudaginn mun ÍBR funda með samböndum. Þá mun framhaldið (mót eða ekki mót) verða ljósara. A.m.k. er ljóst að enn vantar einn erlendan dómara í viðbót.

4. DÓMARA- OG ÆFINGAMÓT

Hinrik hefur heyrt í Stjórnunni, er í skoðun hjá þeim að halda mótið. Þegar eru komnir nokkrir dómarakandidatar. Dómaranefndin er tilbúin að halda mótið sem og mótanefndin. Mótið verður auglýst eftir fundinn. Staðsetning verður staðfest síðar.

5. AFREKSSJÓÐUR

Aron Ingi, Hinrik og Auðunn munu funda með Andra hjá ASJ fljótlega. Eftir þann fund mun stjórnin funda aftur. Umræða varð um styrki til einstaklinga.

6. TÉKKLISTI MÓTSHALDARA

Laufey og Lára klára listann fyrir lok mánaðarins.

7. LANDSLIÐSVAL 2022

Valið er að mestu komið, verður endurskoðað um mitt ár. Auðunn sendir stjórn listann. Hann mun síðan verða birtur með fyrirvara.

Landsliðsnefnd skal endurskoða skilyrði fyrir landsliðspáttöku, sérstaklega með tilliti til unglunga og mastera.

Fundur með landsliðsmönnum verður fyrir lok janúar, með þeim sem eru á listanum eins og er.

8. LANDSLIÐSBÚNINGAR

Lára er þegar búin að vera í sambandi við nokkra aðila. Hún stefnir á að fá prufur til að skoða frá eftirfarandi aðilum : Macron, Jakosport, Henson, Craft (NewWave Iceland), Sportland, innflutningsdeild Jóa Útherja og Kempa.

9. ÖNNUR MÁL

Umræða um keppni í fleiri en einum aldursflokki. Landsliðsnefnd kemur með tillögu af tilhögun.

Gry (heimasíða) og Laufey (Instagram og Facebook) auglýsa eftir mótshöldurum.

10. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

11. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.21.40.